

5. fundur undirbúningsstjórnar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 4. apríl 2022 kl. 16:00 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
- Hjálmar Björn Guðmundsson, varamaður
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri
- Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson RR ráðgjöf, sem ritaði fundargerð.

Arnrún Bára Finnsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá

1. Staða verkefna

Almenn umræða um stöðu. Farið yfir upplifun fundarmanna af starfsmannafundi sem haldinn var miðvikudaginn 30. mars spurningum og athugasemdir sem bárust frá starfsmönnum. Einar og Valdimar sögðu frá yfirstandandi heimsókn mannauðsráðgjafa.

Rætt um verklag við samræmingu reglna, samþykktu og gjaldskráa. Róbert leggur til að sveitarstjórar og ráðgjafar hittist og forgangsraði reglum til samræmingar og geri tillögu að því hvaða reglur, samþykktir og gjaldskrár skuli gilda eftir sameiningu. Málið verður til umfjöllunar á næsta fundi. Sveitarstjórum og ráðgjöfum falið að hefja undirbúning.

Rætt var um þörf fyrir að endurskipa í kjörstjórnir vegna mögulegs vanhæfis nefndarmanna. Nefndirnar eru starfhæfar að sinni með því að nýta varamenn þegar tekið er á móti framboðum. Skoða þarf þörf fyrir endurskipun í nefndirnar fyrir kjördag að höfðu samráði við landskjörstjórn.

2. Tillögur að nafni á sameinað sveitarfélag

Lagt fram yfirlit yfir þær tillögur sem bárust að nöfnum í rafrænni hugmyndasöfnun á betra.is. Alls bárust 47 einstakar hugmyndir frá 88 einstaklingum. Sumar hugmyndanna komu fram oft en einu sinni.

Ákveðið að senda eftirtalin nöfn til örnefnanefndar til umsagnar:

- Blöndubýggð
- Húnabýggð

- Húnavatnsbyggð
- Húnavatnsþing
- Húnaþing Eystra

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.